

FUNDARGERÐ

253. fundar Fræðslunefnda Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 12. maí, kom Fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Víkurskóla.

Fundinn sátu: Anna Huld Óskarsdóttir, Karl Pálmason, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir, Sigrún Jónsdóttir. Að auki sátu fundinn Ólafur Ögmundsson fulltrúi foreldraráðs grunnskólans, Sveinn Sigurðsson fulltrúi foreldraráðs leiksólakans og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri. Salóme Þóra Valdimarsdóttir ritaði fundargerð í fjarveru ritara. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Brian Haroldsons kemur inná fundinn

Tónskóli; Skólastjóri fer yfir stöðu mála. Kennsla orðin með hefðbundnum hætti, nema það eru ekki hóptímar. Það verða ekki vortónleikar, en þannig er staðan á mörgum stöðum. Í staðinn verða tekin upp myndbönd með nemendum að spila sem verða send heim. Myndbönd verða einnig send til Zbigniew prófdómara sem metur efnið og gefur nemendum einkunn. Skóladagatal tónskólans 2020 – 2021 kynnt og samþykkt. Til kynningar: bréf til foreldra barna í tónskólanum þann 4. Maí s.l.

Brian vikur af fundi

Elín Einarsdóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir koma inná fundinn

Grunnskóli; Skýrsla skólastjóra sjá gögn, umræður

Búið er að ráða tvo nýja kennara fyrir næsta vetur, og kennari sem starfar þegar við skólann ætlar að taka sérkennslu, er ekki menntaður sérkennari en hefur mikla reynslu af því sviði. Umræða tekin um hvernig verður með skólahóp næsta ár. Af máli skólastjóra er ljóst að forskóli verður a.m.k. ekki starfræktur á þessu ári.

Forskólahópurinn er næsta fimmtudag að fara í útskriftarferð og þau verða svo útskrifuð úr forskólanum á skólaslitum.

Erasmus+ plús verkefnið er í biðstöðu í bili vegna aðstæðna í heiminum, en reynt verður að gera eitthvað með nemendum sem tengist verkefninu. Sótt verður um framlengingu á verkefninu til að hægt verði að klára allar ferðir.

Það liggur fyrir að skipta um glugga í skólahúsnæðinu í sumar, annars liggja enginn stór verkefni fyrir.

Ekki reiknað með að hafa sundkennslu í vor þar sem sundlaugin er biluð, en verður tekið átak í sundkennslu bæði haust og vor næsta skólaár eins og gert var síðasta haust.

Skólastjóri lætur í ljós áhyggjur af því að það sé enginn fastráðinn sálfræðingur hjá

Skólaþjónustunni og það vanti einnig uppá kennsluráðgjöf og greiningar frá

Skólaþjónustunni, og hvetur sveitarstjóra til að fylgja því eftir að þessi þjónusta verði aukin.

Um 60 nemendur eru áætlaðir í skólanum næsta vetur.

Farið yfir niðurstöður úr Skólaláttunum, könnun sem var lögð fyrir starfsmenn.

SPV

SA
SJ

Til samþykktar; Skóladagatal 2020 / 2021

Skóladagatal Víkurskóla 2020 / 2021 samþykkt með fyrirvara um samþykki skólaráðs.
Elín og Kolbrún víkja af fundi

Bergný Sigurðardóttir og Dagný Rut Grétarsdóttir koma inná fundinn

Leikskóli; Skýrsla leikskólastjóra, umræður

Nýtt barn hóf aðlögun í gær. Ekkert barn er á biðlista eins og er.

Það hafa komið inn umsóknir og fyrirspurnir um störf í leikskólanum, en starfsmannamál eru í góðum málum.

Umhverfisvika var í þar síðustu viku, nemendur tíndu rusl og flokkuðu.

Í tengslum við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun er búið að taka inn Tákn með tali þar sem hægt er að nota það á öllum tungumálum sem nýtist vel bæði nemendum og starfsfólki. Þetta gengur vel og börnin taka virkan þátt.

Til kynningar, leikskóladagatal 2020-2021

Til samþykktar leikskóladagatal 2019-2020

Fræðslunefnd samþykkir leikskóladagatal 2019 – 2020 og leikskóladagatal 2020 – 2021.

Fræðslunefnd ítrekar þá beðni sína að allir skólarnir reyni að samræma betur starfsdaga.

Í Skýrslu leggur leikskólastjóri fram þrjár fyrirspurnir og Óskar eftir að svör við þeim verði bókuð.

Erindi 1

Nú er til umræðu að sameina 5 sveitarfélög á Suðurlandi, Sveitarfélagið Suðurland. Skipað var í nokkra starfshópa þar á meðal starfshópin Fræðslu- og félagsþjónusta. Við lestur á skipan í þennan hóp kom það leikskólastjóra og deildarstjóra það furðulega fyrir sjónir að sjá að Mýrdalshreppur var eina sveitarfélagið af þessum fimm sem kusu að senda ekki háskólamenntað Starfsfólk á sviði- uppeldis og menntamála frá leikskóla sveitarfélagsins í þennan hóp. Á þessu svæði eru 5 leikskólar, 4 þeirra er boðið að taka þátt og einn útilokaður. En við skulum samt hafa í huga að Allir þessir 5 leikskólar vinna mjög náið að bætingu leikskólamála á svæðinu ásamt því að vinna samana að þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur, Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi, sem öll sveitarfélög tóku þátt í að samþykkja (á fundi Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu 16.10.2018) Hver eru faglegu rökin fyrir því að hleypa 4 af 5 leikskólum svæðisins inn í þennan starfshóp og gjörsamlega útiloka þann síðasta frá því að vera með.

Sveitarstjóri óskar eftir að gera eftirfarandi bókun til að svara þessu erindi

Verkefnið er hluti af kortlagningu á áherslum og sýn hvernar sveitarstjórnar, starfsmanna og íbúa varðandi tækifæri og hindranir sem liggja í sameiningu sveitarfélaganna.

Skipaðir hafa verið starfshópar með lykillhagsmunaaðilum og starfsfólki á tilteknum málefnasviðum. Markmið með vinnu starfshópa er að fá fram upplýsingar um stöðu og sjónarmið fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum milli aðila. Niðurstöður vinnunnar verða m.a. nýttar til undirbúnings íbúafunda.

SPV

AMU

KP

SS

Markmið starfshópanna er að vera verkefnishópi Sveitarfélagsins Suðurlands til ráðgjafar og veita upplýsingar fyrir mat á stöðu málaflokksins og mögulega sýn til framtíðar í sameinuðu sveitarfélagi. Starfshópnum er einnig ætlað að greina styrkleika og veikleika í viðkomandi málaflökki og þær ógnanir og tækifæri sem felast í mögulegri sameiningu.

Lagt verður mat á stöðu fræðslu- og félagsþjónustu í dag og hver eru líkleg áhrif sameiningar sveitarfélaganna á þá starfsemi. Sérstaklega verði litið til sérfræðiþjónustu á sviði fræðslu- og félagsþjónustu, svo sem málefni barna með sérþarfir. Undir málavíð starfshópsins heyra rekstur fræðslustofnana, félagsþjónusta, barnavernd og þjónusta við fatlað fólk og eldri borgara.

Mýrdalshreppur Skipaði þrjá fulltrúa eins og lagt var upp með.

Einn fulltrúa skólastjóra

Einn fulltrúa fræðslunefndar

Einn fulltrúa félagsþjónustu

Með þessu telur sveitarstjórn að bæði skólarnir og félagsþjónustan séu að koma að borðinu í þessum undirbúningi, frekar heldur ef einungis skólastjórar sætu í þessum hóp. Við val á skólastjóra var reynslu mesti skólastjórinn fyrir valinu.

Erindi 2

Hver er framtíðarsýn Mýrdalshrepps í leikskólamálum sveitarfélagsins?

Sveitarstjóri óskar eftir að gera eftirfarandi bókun til að svara þessu erindi.

Framtíðarsýn Mýrdalshrepps varðandi skólamál kemur fram í Menntastefnu sveitarfélagsins sem nú er í endurskoðun.

Erindi 3

Í ljósi þess að í kjölfar COVID 19 sem hefur tröllriðið heimsbyggðinni þá hafa nokkrir foreldrar leikskólans orðið fyrir því að missa vinnuna að eru í mjög skertu starfshlutfalli. Leikskólinn skorar á sveitarstjórn Mýrdalshrepps að koma til móts við þessa foreldra með niðurfellingu eða ríflegum afslætti á leikskólagjöldum barna þessa foreldrahóps.

Sveitarstjóri óskar eftir að gera eftirfarandi bókun til að svara þessu erindi.

Á fundi sveitarstjórnar þann 31. mars sl. setti sveitarstjórn fram fyrstu aðgerðir til að draga úr efnahagslegum áhrifum Covid 19 í Mýrdalshreppi. Meðal þess sem var ákveðið vara að leggja áherslu á að skerða ekki eða sem minnst þjónustu leik- og grunnskóla. Ekki var talin ástæða til að lækka þjónustugjöld þar sem gera má ráð fyrir almennur tekjumissir verði ekki hjá foreldrum leikskólabarna þar sem flestir ef ekki allir sem höfðu vinnu fyrir eru á uppsagnarfresti, hlutabótarúrræði eða atvinnuleysisbótum sem eru hlutfall af tekjum fyrstu mánuðina. Þessu hefur sveitarstjóri svarað leikskólastjóra áður.

SPV
GHE
53

Önnur mál:

Leikskólastjóri les upp umsögn foreldraráðs um starfsáætlun. Fræðslunefnd gleðst yfir umsögninni sem er bæði jákvæð og uppbyggileg.

Nýjir kjarasamningar hjá FOSS gera það að verkum að starfsfólk leikskólans er í raun með fleiri frídaga en rúmast innan sumarlokunar leikskólans.


Bergný og Dagný víkja af fundi

Fundi slitið klukkan 18:30

Undirritaðir aðal og varamenn



Anna Huld Óskarsdóttir



Karl Pálmason

Þorbjörg Kristjánsdóttir



Sigrún Jónsdóttir



Salome Þóra Valdimarsdóttir